



NEYTENDASTOFA

Ákvörðun nr. 56/2019

**Bann við sölu og afhendingu á 98 tegundum áfyllinga  
fyrir rafrettur hjá Lukku Láka**

**I.  
Málsmeðferð**

Við markaðseftirlit Neytendastofu í sölurninum Lukku Láka, í eigu Icecard ehf., þann 17. september 2019 kom í ljós að markaðssettar voru 63 tegundir af áfyllingum fyrir rafrettur sem innihalda nikótín sem höfðu ekki verið tilkynntar til Neytendastofu. Umbúðir áfyllinganna báru ekki viðeigandi viðvaranir og ekki leiðbeiningar um notkun og geymslu.

Einnig var búið að rjúfa innsigli á 35 tegundum áfyllinga. Á umbúðir varanna vantaði auk þess leiðbeiningar um notkun og geymslu og réttar viðvaranir og engin upplýsingabæklingur fylgdi áfyllingunum. Lagt var tímabundið sölubann á framangreindar 98 tegundir áfyllinga hjá Icecard. Í upplýsingaskýrslu Neytendastofu, dags. 17. september 2019, kemur fram að starfsmaður Icecard telji að þær áfyllingar sem nikótíni var bætt út í hafi verið settar í sölubann. Þá var þess óskað að Icecard legði fram skriflegar skýringar, athugasemdir eða önnur viðeigandi gögn vegna áfyllinganna innan fjölgurra vikna.

Í tölvupósti Icecard, dags. 18. september 2019, til Neytendastofu segir að vökvarnir hafi verið blandaðir til hagræðis fyrir viðskiptavini verslunarinnar. Þá hefði verið litið svo á að með því að blanda nikótíni í vökvann hafi ekki verið búin til ný vara og að blöndun í verslun væri í raun það sama og þegar neytandi keypti sér áfyllingu og nikótín í tveimur aðskildum einingum, en blandaði því svo saman. Í tölvupóstinum kemur jafnframt fram að Icecard fallist á að ef litið yrði svo á að tilkynna þyrfti vökvana yrði blöndun hætt í versluninni.

Með bréfi Neytendastofu, dags. 5. desember 2019, var Icecard upplýst um að við eftirlit í verslun hafi fundist þrjár tegundir áfyllinga af gerðinni Unicorn Frappé On Ice, Unicorn Frappé og Candy King Lemon Drops frá framleiðandanum Dripmore sem gætu höfðað til barna eða ungmenna. Í tölvupósti frá Icecard þann 7. desember 2019 segir að Icecard geti tekið undir að áfyllingarnar höfði til barna og þar af leiðandi hafi vökvarnir verið teknir úr sölu í versluninni.



## II. Niðurstaða

### 1.

Mál þetta varðar öryggi 98 áfyllinga fyrir rafrettur sem innihalda nikótín og seldar voru í verslun og vefverslun Icecard sem voru ekki tilkynntar til Neytendastofu. Af 98 áfyllingum fyrir rafrettur voru 35 áfyllingar þar sem innsigli höfðu verið rofin. Því til viðbótar voru 63 áfyllingar með órofin innsigli en innihéldu nikótín. Á 98 tegundir umbúða áfyllinga vantaði réttar viðvaranir. Umbúðir 85 tegunda áfyllinga báru ennfremur ekki leiðbeiningar um notkun og geymslu. Engar upplýsingar voru um geymslu á átta áfyllingum, en upplýsingar um notkun voru fullnægjandi á þeim. Jafnframt höfða umbúðir þriggja áfyllinga fyrir rafrettur sem markaðssettar voru í verslun Icecard sérstaklega til barna eða ungmenna (sjá fylgiskjal).

Um rafrettur og áfyllingar fyrir þær gilda lög nr. 87/2018, um rafrettur og áfyllingar, og reglugerð nr. 255/2019, um merkingar á umbúðum rafrettna og áfyllinga og efni upplýsingabæklings sem fylgja skal rafrettum.

Í 1. mgr. 5. gr. laga nr. 87/2018 segir að rafrettur og áfyllingar megi aðeins hafa til sölu eða dreifingar ef skráðar eru viðvaranir um áhrif vörunnar á heilsu á umbúðir hennar og leiðbeiningar fylgi um notkun og geymslu. Samkvæmt 2. mgr. 5. gr. laganna er jafnframt óheimilt er að hafa á umbúðum rafrettna eða áfyllinga texta eða myndmál sem getur höfðað sérstaklega til barna eða ungmenna, m.a. með myndskreytingum eða slagorðum, og þannig hvatt til notkunar rafrettna.

Í greinargerð frumvarps er varð að lögum nr. 87/2018 er nánar vikið að því að í ljósi mikillar aukningar á notkun rafrettna hjá ungmennum þætti sérstaklega mikilvægt að ákvæði 2. mgr. 5. gr. tæki gildi svo ekki sköpuðust rangar hugmyndir um eiginleika rafrettna og áhrif notkunar þeirra á heilbrigði.

Kveðið er á um öryggi rafrettna og áfyllinga fyrir þær í 1. mgr. 6. gr. laga nr. 87/2018 en þar segir:

*„Einungis er heimilt að flytja inn, selja eða framleiða rafrettur og áfyllingar sem teljast öruggar og uppfylla ákvæði laga þessara eða reglugerða settra með stoð í þeim.“*

Um tilkynningarskyldu framleiðenda og innflytjenda rafrettna og áfyllinga fyrir þær sem innihalda nikótín er kveðið á um í 1. mgr. 14. gr. laga nr. 87/2018, en þar segir:

*„Framleiðendur og innflytjendur rafrettna og áfyllinga fyrir þær sem innihalda nikótín, sem hyggjast setja rafrettur eða áfyllingar á markað hér á landi, skulu senda Neytendastofu tilkynningu um slikt sex mánuðum áður en markaðssetning er fyrirhuguð. Leggja skal fram nýja tilkynningu fyrir hverja umtalsverða breytingu á vörunni og sker*



Neytendastofa úr um hvort breyting telst umtalsverð. Óheimilt er að flytja inn eða selja vöru sem hefur ekki verið tilkynnt i samræmi við ákvæði þetta og reglugerðir settar með stoð í því.“

Nánar er kveðið á um merkingar í reglugerð nr. 255/2019. Í 3. og 4. gr. hennar er nánar mælt fyrir um viðvörunarmerkingar á umbúðum rafrettna og áfyllinga, sem innihalda nikótín.

Í 3. gr. reglugerðarinnar segir:

„Viðvörunarmerkingar á umbúðum rafrettna og áfyllinga, skv. 5. gr., sem hvoru tveggja innihalda nikótín skal prenta með svörtu Helvetica-feitletri á hvítum grunni. Merking skal vera í svörtum ramma, sem er 1 mm á breidd, inni á yfirborðsfletinum sem er frátekinn fyrir súlikar merkingar.

Viðvörunarmerking skal birtast á tveimur stærstu yfirborðshlutum hvers einingapakka og öllum ytri umbúðum vörunnar og þekja 30% af yfirborði einingapakka og allra ytri umbúða vörunnar.“

Þá segir í 4. gr. reglugerðar nr. 255/2019:

„Texti viðvörunarmerkingar á umbúðir rafrettna og áfyllinga sem hvoru tveggja innihalda nikótín skal vera eftirfarandi: „Þessi vara inniheldur nikótín sem er mjög ávanabindandi efni. Ekki er mælt með notkun þess fyrir þá sem reykja ekki.“ Texti viðvörunarmerkingar skal vera samsíða almennum texta á umbúðum.“

Samkvæmt 6. gr. reglugerðarinnar skal með pakningum rafrettna og umbúðum fylgja bæklingur með upplýsingum á íslensku um eftirfarandi:

„1. Leiðbeiningar um notkun og geymslu vörunnar, þ.m.t. ráðlegging um að ekki sé mælt með vörunni til notkunar fyrir börn og þá sem ekki reykja.

2. Frábendingar.

3. Viðvaranir fyrir tiltekna áhættuhópa.

4. Hugsanleg skaðleg áhrif.

5. Ávanabindandi áhrif og eiturhrif.

6. Hvernig sé hægt að hafa samband við framleiðanda eða innflytjanda og upplýsingar um lögaðila eða einstakling sem er tengiliður þeirra innan Evrópska efnahagssvæðisins.“

Samkvæmt 2. gr. laga nr. 134/1995, um öryggi vöru og opinbera markaðsgæslu mega framleiðendur einungis markaðssetja örugga vöru. Úrræði Neytendastofu vegna markaðssetningar á vöru sem ekki uppfyllir skilyrði laga nr. 87/2018 fer samkvæmt 2. mgr. 15. gr. laganna að ákvæðum laga nr. 134/1995.



## 2.

Við mat á því hvort vörur höfða sérstaklega til barna er t.a.m. litið til þess að umbúðir að á umbúðum sé myndefni sem framleitt er með það í huga að höfða til barna eða ungmenna undir 18 ára aldri.

Neytendastofa telur að tvær áfyllingar frá framleiðandanum Juiceman af gerðinni „Unicorn Frappé“ séu skreyttar myndefni sem höfða til barna eða ungmenna yngri en 18 ára að aldri. Áfyllingarnar „Unicorn Frappé“, „Unicorn Frappé on Ice“ (sjá fylgiskjal) eru litríkar, með teikningum af einhyrning og regnboga. Einnig höfði myndefni áfyllingar og litríkar umbúðir frá framleiðandanum Dripmore af gerðinni Candy King, Lemon Drops, sérstaklega til barna eða ungmenna (sjá fylgiskjal). Það er mat Neytendastofu að með markaðssetningu ofangreindra áfyllinga hafi Icecard brotið gegn 2. mgr. 5. gr. laga nr. 87/2018.

## 3.

Í ljósi framangreinds er það mat Neytendastofu að 98 tegundir áfyllinga sem markaðssettar voru í verslun Icecard hafi ekki uppfyllt skilyrði laga nr. 87/2018, þar sem áfyllingarnar innihéldu nikótín en höfðu ekki verið tilkynntar í samræmi við 14. gr. laga nr. 87/2018. Áfyllingarnar báru auk þess ekki réttar viðvaranir og ekki fylgdi þeim upplýsingabæklingur, sbr. 3., 4. og 6. gr. reglugerðar nr. 255/2019.

Á umbúðum 85 áfyllinga voru ekki leiðbeiningar um notkun og geymslu, sbr. 1. mgr. 5. gr. laga nr. 87/2018. Ekki var gætt að leiðbeiningum um geymslu á átta áfyllingum, sbr. 1. mgr. 5. gr. laga nr. 87/2018. Fimm áfyllingar fyrir rafrettur báru þó fullnægjandi leiðbeiningar um notkun og geymslu.

Neytendastofa telur rétt með vísan til 1. mgr. 6 gr. laga nr. 87/2018, 1. gr. laga nr. 134/1995 og 1. mgr. 20. gr., sbr. 21. gr. laga nr. 134/1995 að banna sölu og afhendingu framangreindra 98 nikótínáfyllinga (sjá fylgiskjal).

## 4.

Í þessu máli er um að ræða hættuleg efni og efnasambönd, s.s. nikótín, sem gera ríkar kröfur til eyðingar. Verður áfyllingunum aðeins eytt með sérstökum aðferðum. Með vísan til framangreinds er Icecard falið að afhenda Neytendastofu til eyðingar 98 tegundir áfyllinga, sbr. 1. mgr. 22. gr. laga nr. 134/1995 og 4. mgr. 29. gr. reglugerðar ESB 765/2008 sem innleidd er með reglugerð nr. 566/2013 um markaðseftirlit, faggildingu o.fl. Icecard ber að greiða kostnað sem hlýst af eyðingu áfyllinga, sbr. 24. gr. laga nr. 134/1995. Neytendastofa mun að liðnum sex vikum frá birtingu ákvörðunar koma vörunum til eyðingar hjá viðeigandi aðila.

Í 7. tölul. 14. gr. laga nr. 134/1995 segir að hlutverk Neytendastofu sé að gefa út tilkynningar og vara við hættulegum vörum á markaði sem lög þessi taka til ef nauðsyn ber til og annast samskipti við Eftirlitsstofnun EFTA og önnur eftirlitsstjórnvöld á Evrópska efnahagssvæðinu, svo og vera tengiliður við RAPEX-tilkynningakerfi framkvæmdastjórnar ESB um hættulegar



vörur á markaði. Neytendastofa mun upplýsa framkvæmdastjórn Evrópusambandsins um þær aðgerðir sem gripið hefur verið til hér á landi í samræmi við reglugerð nr. 566/2013 um markaðseftirlit og faggildingu o.fl. Fara upplýsingaskiptin fram með tilkynningu í tilkynningarkerfi um hættulegar vörur (e. Safety Gate).

#### IV. Ákvörðunarorð:

**„Icecard ehf., rekstraraðili Lukku Láka, Þverholti 2, 270 Mosfellsbæ, hefur boðið fram á markaði áfyllingar fyrir rafrettur sem innihalda nikótín sem ekki geta talist öruggar í skilningi 1. mgr. 6. gr. laga nr. 87/2018, laga um rafrettur og áfyllinga fyrir þær.**

**Icecard ehf. hefur ekki tilkynnt 98 tegundir nikótínáfyllinga og því brotið gegn 1. mgr. 14. gr. laga nr. 87/2018, um rafrettur og áfyllingar fyrir þær.**

**Icecard ehf. hefur með markaðssetningu á áfyllingum fyrir rafrettur sem höfða sérstaklega til barna eða ungmenna, bera ófullnægjandi leiðbeiningar og viðvaranir, án þess að upplýsingabæklingur fylgdi þeim, brotið gegn 1. og 2. mgr. 5. gr. laga nr. 87/2018, um rafrettur og áfyllingar fyrir þær, sbr. 3., 4. og 6. gr. reglugerðar nr. 255/2019, um merkingar á umbúðum rafrettna og áfyllinga og efni upplýsingabæklings sem fylgja skal rafrettum og áfyllingum.**

**Með vísan til 1. mgr. 20. gr., sbr. 21. gr., laga nr. 134/1995, um öryggi vöru og opinbera markaðsgæslu, er verslunum í eigu Icecard ehf. bannað að selja og afhenda 98 tegundir af áfyllingum fyrir rafrettur (sjá fylgiskjal).**

**Með vísan til 1. mgr. 22. gr. laga nr. 134/1995 um öryggi vöru og opinbera markaðsgæslu, sbr. 4. mgr. 29. gr. reglugerðar ESB nr. 765/2008 sem innleidd er með reglugerð nr. 566/2013, um markaðseftirlit, faggildingu o.fl., skal skal Icecard ehf. afhenda Neytendastofu ofangreindar áfyllingar fyrir rafrettur í vörslu Icecard ehf. til eyðingar.**

**Með vísan til 2. mgr. 24. gr. laga nr. 134/1995, um öryggi vöru og opinbera markaðsgæslu skal Icecard ehf. greiða kostnað vegna eyðingar á þeim áfyllingum sem ákvörðun þessi tekur til.“**

Neytendastofa, 17. desember 2019

Tryggvi Axelsson  
Forstjóri

Svava G. Ingimundardóttir

## Fylgiskjal – Ákvörðun nr. 56/2019

Vörur sem höfða sérstaklega til barna eða ungmenna.



## Fylgiskjal – 98 tegundir af áfyllingum fyrir rafrettur

|             |                |                     |
|-------------|----------------|---------------------|
| 1. Purity   | Shake 'N' Vape | Prime 15            |
| 2. Purity   | Shake 'N' Vape | Torque 56           |
| 3. Purity   | Shake 'N' Vape | Tribeca             |
| 4. Purity   | Shake 'N' Vape | Malibu              |
| 5. Purity   | Shake 'N' Vape | Kringle's curse     |
| 6. Purity   | Shake 'N' Vape | Turkish             |
| 7. Purity   | Shake 'N' Vape | Freedom juice       |
| 8. Purity   | Shake 'N' Vape | Longhorn            |
| 9. Matonay  | Premium Gold   | Tobacco, grænn      |
| 10. Matonay | Premium Gold   | Tobacco, gulur      |
| 11. Matonay | Premium Gold   | Tobacco, bleikur    |
| 12. Matonay | Premium Gold   | Pinkjuice, grænn    |
| 13. Matonay | Premium Gold   | Pinkjuice, gulur    |
| 14. Matonay | Premium Gold   | Pinkjuice, bleikur  |
| 15. Matonay | Premium Gold   | Cherrybake, gulur   |
| 16. Matonay | Premium Gold   | Cherrybake, grænn   |
| 17. Matonay | Premium Gold   | Cherrybake, bleikur |
| 18. Matonay | Premium Gold   | Cherrybake, svartur |
| 19. Matonay | Premium Gold   | Lemontart, bleikur  |
| 20. Matonay | Premium Gold   | TangoLemo, grænn    |
| 21. Matonay | Premium Gold   | TangoLemo, bleikur  |
| 22. Matonay | Premium Gold   | TangoLemo, svartur  |
| 23. Matonay | Premium Gold   | Blackice, grænn     |
| 24. Matonay | Premium Gold   | Blackice, bleikur   |
| 25. Matonay | Premium Gold   | Blackice, gulur     |
| 26. Matonay | Premium Gold   | StrawKiwi, grænn    |
| 27. Matonay | Premium Gold   | Strawkiwi, gulur    |
| 28. Matonay | Premium Gold   | Blueice, grænn      |
| 29. Matonay | Premium Gold   | Blueice, gulur      |
| 30. Matonay | Premium Gold   | Blueice, svartur    |
| 31. Matonay | Premium Gold   | Pineapple, grænn    |
| 32. Matonay | Premium Gold   | Pineapple, bleikur  |
| 33. Matonay | Premium Gold   | Strawberry, grænn   |
| 34. Matonay | Premium Gold   | Strawberry, gulur   |
| 35. Matonay | Premium Gold   | Strawberry, bleikur |
| 36. Matonay | Premium Gold   | Icementh, grænn     |
| 37. Matonay | Premium Gold   | Icementh, bleikur   |
| 38. Matonay | Premium Gold   | Fizzycola, bleikur  |
| 39. Matonay | Premium Gold   | Fizzycola, grænn    |
| 40. Matonay | Premium Gold   | Heisenburg, grænn   |
| 41. Matonay | Premium Gold   | Heisenburg, svartur |
| 42. Matonay | Premium Gold   | Peach, grænn        |
| 43. Matonay | Premium Gold   | Peach, bleikur      |
| 44. Matonay | Premium Gold   | Menthol, grænn      |
| 45. Matonay | Premium Gold   | Menthol, bleikur    |
| 46. Matonay | Premium Gold   | Menthol, svartur    |

|                    |                |                     |
|--------------------|----------------|---------------------|
| 47. Matonay        | Premium Gold   | Smurfblood, grænn   |
| 48. Matonay        | Premium Gold   | Smurfblood, bleikur |
| 49. Matonay        | Premium Gold   | Smurfblood, gulur   |
| 50. Matonay        | Premium Gold   | Smurfblood, svartur |
| 51. Matonay        | Premium Gold   | F Fruit, gulur      |
| 52. Matonay        | Premium Gold   | Forrest F, grænn    |
| 53. Matonay        | Premium Gold   | Forrest F, gulur    |
| 54. Matonay        | Premium Gold   | Forrest F, bleikur  |
| 55. Matonay        | Premium Gold   | Melon Blas, grænn   |
| 56. Matonay        | Premium Gold   | Melon Blas, bleikur |
| 57. Matonay        | Premium Gold   | Van Custer, grænn   |
| 58. Matonay        | Premium Gold   | Van Custer, bleikur |
| 59. Matonay        | Premium Gold   | Blue lime, grænn    |
| 60. Matonay        | Premium Gold   | Blue lime, bleikur  |
| 61. Matonay        | Premium Gold   | Apple, grænn        |
| 62. Matonay        | Premium Gold   | Apple, bleikur      |
| 63. Matonay        | Premium Gold   | Apple, gulur        |
| 64. Matonay        | Premium Gold   | Virginia, grænn     |
| 65. Matonay        | Premium Gold   | Virginia, bleikur   |
| 66. Matonay        | Premium Gold   | Beetle, grænn       |
| 67. Matonay        | Premium Gold   | Beetle, bleikur     |
| 68. Matonay        | Premium Gold   | Beetlejoos, grænn   |
| 69. Matonay        | Premium Gold   | Beetlejoos, gulur   |
| 70. Matonay        | Premium Gold   | Gold Rolle, svartur |
| 71. Matonay        | Premium Gold   | Melon Blas, gulur   |
| 72. VDistro        | Lunghit        | Passion Punch       |
| 73. VDistro        | Lunghit        | Berry Banger        |
| 74. VDistro        | Vape cocktails | Pop Cola            |
| 75. VDistro        | Vape cocktails | Fuji Paradise       |
| 76. VPR Collection | Skwezed        | Green Apple         |
| 77. VPR Collection | Skwezed        | Peach Song          |
| 78. Juiceman       | Unicorn Frappe | On ice              |
| 79. Juiceman       | Unicorn Frappe |                     |
| 80. Dripmore       | Candy King     | Lemon Drops         |
| 81. Daddy's Vapor  | Lemon Twist    | Banana Butt         |
|                    |                | Peach blossom       |
| 82. Daddy's Vapor  | Lemon Twist    | lemonade            |
|                    |                | Wilder watermelon   |
| 83. Daddy's Vapor  | Lemon Twist    | lemonade            |
| 84. Daddy's Vapor  | Lemon Twist    | Pink Punch lemonade |
| 85. Daddy's Vapor  | Lemon Twist    | Chilled melon remix |
| 86. Daddy's Vapor  | Lemon Twist    | Iced Pink Punch     |
| 87. Daddy's Vapor  | Lemon Twist    | Crisp Apple Smash   |
| 88. Burst          | Citrus Burst   |                     |
| 89. Burst          | Melon Burst    |                     |
| 90. Burst          | Mango Burst    |                     |
| 91. Burst          | Duo            | Guava Dragon Fruit  |
| 92. Burst          | Duo            | Peach and raspberry |

|                   |                      |                  |
|-------------------|----------------------|------------------|
| 93. Burst         | Sher-Burst           |                  |
| 94. Kilo          | Premium Black Series | Honey Cream      |
| 95. Kilo          | Premium Black Series | Milk and cookies |
| 96. USA Vape Labs | Naked 100            | Brainfreeze      |
| 97. Nasty juice   | Wicked Haze          |                  |
| 98. Nasty juice   | ASAP Grape           |                  |